

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar sbr. og auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975 og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

*Lönaðarráðuneytið, 12. maí 1975.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## **S A M Þ Y K K T**

fyrir Veiðifélag Grenlækjar.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grenlækjar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Skaftárósi og vatnasvæði hans, en þær eru: Hólmur, Hátún, Efri-Vík, Syðri-Vík, Þykkvibær I, Seglbúðir, Eystra-Hraun, Ytra-Hraun, Fossar, Arnardrangur, Efri-Steinsmýri, Syðri-Steinsmýri, Múlakot, Hörgsland I og II og Hörgslandskot.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**ARÐSKRÁ****Veiðifélags Selár í Vopnafirði.**

Aðalfundur Veiðifélags Selár í Vopnafirði, haldinn að Torfastöðum 26. 10. 1974, samþykkir eftirfarandi arðskrá fyrir félagið:

Hauksstaðir .....	1.0
Rjúpnafell .....	3.2
Fremri-Hlíð .....	1.9
Ytri-Hlíð .....	2.1
Vakursstaðir .....	1.6
Fagurhóll .....	5.0
Lýtingsstaðir .....	4.3
Breiðamýri .....	4.9
Fremri-Nýpur .....	8.0
Ytri-Nýpur .....	17.6
Hámundarstaðir .....	4.6
Hvammgerði .....	4.6
Hróaldsstaðir .....	18.4
Áslaugarstaðir .....	5.4
Leifsstaðir .....	2.7
Þorvaldsstaðir .....	9.7
Hamar .....	3.7
Mælifell .....	1.3

**100.0%**

Arðskrá þessi tekur gildi 1. janúar 1976.